

Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótssvatni

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	7

Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni

Kennitala 420278-0209

Hraunbæ 123, 110 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Útílífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni eru félagasamtök sem stofnuð voru 1978 í þeim tilgangi að bjóða upp á nám í gegnum útiveru og vera stuðningur fyrir skáta á Íslandi með aðstöðu og tækifærum. Stöðugildi á árinu voru 3. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Starfsemin á árinu

Tap varð á rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 585 þús. og var eigið fé félagsins í árslok jákvætt um 54 milljónir.

Áhrif Covid-19 hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi Útílífsmiðstöðvar skáta Úlfjótuvatni og hefur meginstarfsemi félagsins verið skert á árinu. Félagið hefur nýtt sér öll þau úrræði sem hafa verið í boði ásamt því að draga verulega úr kostnaði. Samkomutakmarkanir rýmkuðu þegar leið á árið og var Úlfjótvatn vel sótt af sumar- og skólabúðabörnum en erlendir skátahópar sátu heima. Áfram var unnið að uppbyggingu Úlfjótsvatns og var reksturinn greindur og viðhaldi og framkvæmdum forgangsraðað.

Blásið var til sóknar í markaðsmálum og megináherslan á skátahópa, skólabúðir og sumarbúðir. Sumarbúðir skáta héldu áfram að vaxa og dafna og Úlfjótvatn nýtur góðs af vinnu erlendra sem innlendra sjálfboðaliða auk starfsmanna frá sveitarfélögum.

Félagið er með jákvætt eigið fé en neikvætt veltufjárhlutfall. Í upphafi árs skuldaði félagið Bandalagi íslenskra skáta 47,9 milljónir króna en í upphafi árs 2023 hafði formlegt samkomulag náðst að gefa kröfuna eftir. Vegna þessa var færð leiðrétting á eigið fé félagsins þar sem eftirgefin krafa myndaðist á fyrri árum. Úlfjótvatn hefur ekki fengið frekari fjármögnun frá Bandalagi íslenskra skáta árið 2022.

Fjárhagsleg staða

Félagið hefur verið rekið með tapi síðastliðin ár og má annars vegar rekja það til Covid – 19 og hins vegar hnignandi ástand eigna á Úlfjótuvatni sem leiðir til þess að samkeppnishæfni staðarins minnkar. Það liggur fyrir greining frá fráfarandi stjórn Úlfjótsvatns um fækkun eigna á Úlfjótuvatni og tillögur í rekstri að einblína á þær eignir sem skila tekjum. Fyrir liggur að stærsti styrktaraðili Úlfjótsvatns hefur sagt upp samningi sínum og mun það hafa veruleg áhrif á reksturinn strax í upphafi nýs árs. Í skýringu sjö er fjallað nánar um skuldir á milli tengdra aðila en Bandalag íslenskra skáta sem eigandi gaf eftir kröfur sínar á félagið. Í framhaldi af þessari eftirgjöf og hagræðinga í rekstri þá hefur eigið fé félagsins styrkst verulega og stjórn félagsins telur því rekstarhæfi tryggt.

Stjórn Útílífsmiðstöðvar skáta á Úlfjótuvatni staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. mars 2023

Hermann Sigurðsson, formaður

Elfa Björg Aradóttir

Sölvi Melax

Guðmundur Finnbogason

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir

Javier Panigua, framkvæmdastjóri

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til Úlfljótsvatnsráðs

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Útílfsmiðstöðvar skáta Úlfljótsvatni fyrir árið 2022 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 24. mars 2023

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ljósbrá Baldursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta	9	26.820.612	18.193.017
Vörusala		2.757.349	3.256.555
Styrkir		12.923.666	11.000.000
Skóla- og sumarbúðir		23.247.941	27.434.811
Aðrar tekjur		437.566	934.520
		<u>66.187.134</u>	<u>60.818.903</u>
Rekstrargjöld			
Útleigu og þjónustustarfsemi ÚSÚ		11.971.481	14.040.253
Vörukaup		881.433	1.536.510
Laun og launatengd gjöld	8	27.705.940	30.567.043
Húsnæðiskostnaður		9.845.666	9.350.080
Rekstur áhalda og tækja		978.107	999.571
Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða		1.454.978	1.800.342
Skrifstofukostnaður		1.725.285	1.203.185
Annar kostnaður		317.177	270.562
Tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna		273.391	0
Afskriftir	3	5.430.755	5.730.416
		<u>60.584.212</u>	<u>65.497.962</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		5.602.922	(4.679.059)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		125.359	6.229
Vaxtagjöld		(6.335.620)	(4.246.393)
Gengismunur		21.816	(5.163)
		<u>(6.188.445)</u>	<u>(4.245.327)</u>
Tap ársins		<u>(585.523)</u>	<u>(8.924.386)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir		81.230.706	83.693.381
Útisvæði		7.170.663	7.967.404
Áhöld, tæki og bifreið		5.542.514	8.037.243
	3	<u>93.943.883</u>	<u>99.698.028</u>
Fastafjármunir samtals		93.943.883	99.698.028
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		1.746.997	345.000
Kröfur á tengda aðila	7	111.332	0
Aðrar skammtímakröfur		5.606.110	104.937
Handbært fé		4.153.097	3.146.339
		<u>11.617.536</u>	<u>3.596.276</u>
Eignir samtals		<u>105.561.419</u>	<u>103.294.304</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		54.062.670	6.711.577
	4	<u>54.062.670</u>	<u>6.711.577</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir	6	41.239.307	40.532.518
		<u>41.239.307</u>	<u>40.532.518</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuld við tengda aðila	7	759.074	49.283.193
Fyrirframgreiddar tekjur		1.922.022	0
Viðskiptaskuldir		984.056	1.881.478
Næsta árs afborganir langtímaskulda	6	2.995.058	2.751.566
Aðrar skammtímaskuldir		3.599.232	2.133.972
		<u>10.259.442</u>	<u>56.050.209</u>
Skuldir samtals		51.498.749	96.582.727
Eigið fé og skuldir samtals		<u>105.561.419</u>	<u>103.294.304</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Nafn félagsins er Útillfsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni og er tilgangur þess að bjóða upp á nám í gegnum útiveru og vera stuðningur fyrir skáta á Íslandi með aðstöðu og tækifærum.

Útillfsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Hraunbæ 123, Reykjavík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat stjórnenda séu samkvæmt bestu vitund þeirra geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Félagið hefur í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fengið til sín unglina til þjónustustarfa á svæðinu. Kostun þessara starfsemi hefur nær alfarið verið á herðum sveitarfélaganna og koma því áhrif þeirra ekki fram í reikningum félagsins.

2.2 Tekjur

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

2.3 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu verði miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

2.4 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.5 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Skýringar

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Útisvæði	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
Árslok 2021:				
Bókfært verð í ársbyrjun	86.156.057	8.852.671	10.419.715	105.428.443
Afskriftir	(2.462.676)	(885.267)	(2.382.473)	(5.730.416)
Bókfært verð í árslok	83.693.381	7.967.404	8.037.242	99.698.027
Bókfært verð í árslok 2021 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	97.251.537	14.992.076	18.863.928	131.107.541
Afskrifað samtals	(13.558.156)	(7.024.672)	(10.826.685)	(31.409.514)
Bókfært verð í árslok	83.693.381	7.967.404	8.037.243	99.698.027
Árslok 2022:				
Bókfært verð í ársbyrjun	83.693.381	7.967.404	8.037.243	99.698.027
Bókfært verð seldra eigna	0	0	(323.389)	(323.389)
Afskriftir	(2.462.676)	(796.740)	(2.171.338)	(5.430.755)
Bókfært verð í árslok	81.230.705	7.170.663	5.542.515	93.943.883
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:				
Kostnaðarverð	97.251.537	14.992.076	17.703.929	129.947.542
Afskrifað samtals	(16.020.832)	(7.821.413)	(12.161.414)	(36.003.659)
Bókfært verð í árslok	81.230.705	7.170.663	5.542.515	93.943.883

Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat fasteignar og lands nam 272,5 millj. kr. í árslok 2022 og váttryggingaverðmæti nam 588 millj. kr.

Veðsetningar

Á fasteignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að uppgreiðsluvirði um 44,2 millj. króna í árslok 2022.

4. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	6.711.577
Leiðrétt upphafsstaða vegna eftirgjöf skulda fyrri ára	47.936.616
Tap ársins	(585.523)
Staða í árslok	54.062.670

5. Skattamál

Félagið greiðir ekki opinber gjöld samanber 4. grein laga nr. 90/2003, þar sem félagið ver öllum ágóða sínum til Bandalags íslenskra skáta.

Skýringar

6. Langtímaskuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Skuldir í íslenskum krónum:		
Verðtryggðar skuldir. Vextir 5,4%	44.234.365	43.284.084
Næsta árs afborganir	(2.995.058)	(2.751.566)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi	41.239.307	40.532.518

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2022 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2023	2.995.058
Árið 2024	2.995.058
Árið 2025	2.995.058
Árið 2026	2.995.058
Árið 2027	2.995.058
Síðar	29.259.076
	<u>44.234.365</u>

7. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru hluthafar félagsins, stjórn og tengd félög.

Í efnahagsreikningi eru eftirtaldar stöður við tengda aðila:

	2022	2021
Krafa á Skátabúðina ehf.	111.332	0
	<u>111.332</u>	<u>0</u>
Skuld við Bandalag íslenskra skáta	0	47.870.931
Skuld við Skáttasamband Reykjavíkur	759.074	984.074
Skuld við Skátabúðina ehf.	0	428.188
	<u>759.074</u>	<u>49.283.193</u>

Stjórn Bandalags íslenskra skáta hefur formlega samþykkt að gefa eftir gamla kröfu sína frá fyrri árum á félagið og var eftirgjöfin því færð sem leiðrétting á eigið fé á árinu.

8. Laun:

	2022	2021
Laun	21.882.496	22.844.531
Bifreiðastyrkur	0	180.000
Tryggingagjald	1.590.244	2.118.935
Lífeyrissjóðsframlag	2.790.286	3.631.631
Sjóðagjöld	367.187	501.440
Annar starfsmannakostnaður	1.075.727	1.290.506
	<u>27.705.940</u>	<u>30.567.043</u>

9. Seld þjónusta:

	2022	2021
Tjaldsvæði	11.936.178	8.325.928
Leiga á skálum	2.114.065	1.893.589
Þjónusta	2.483.100	7.973.500
Erlendir skátahópar	10.287.269	0
	<u>26.820.612</u>	<u>18.193.017</u>